



Samþykkt um dagforeldra í Strandabyggð

Dagforeldrar

Foreldrar sem óska vistunar gera það hjá viðeigandi dagforeldri.

Gjald og niðurgreiðslur hjá dagforeldrum

Sveitarfélagið Strandabyggð hefur samþykkt niðurgreiðslur til foreldra sem vista börn sín hjá dagmæðrum. Niðurgreiðslan er 19.744 kr. á mánuði miðað við 8 tíma vistun, en 29.472 kr. ef um afsláttargjald er að ræða (afsláttargjald er systkinaafsláttur ef foreldri/foreldrar eru með annað barn/börn hjá dagforeldri eða í leikskóla í Strandabyggð og gjald fyrir einstæða foreldra). Dagforeldrar setja sjálfir gjaldskrá sem er óháð niðurgreiðslum. Niðurgreiðslur eru greiddar til dagforeldris sem dregur þær frá gjaldi foreldra. Sjá nánar í reglum um niðurgreiðslur. Daggæslugjöld eru greidd niður 11 mánuði ársins.

Niðurgreiðslur eru háðar eftirfarandi skilyrðum:

- Að dagforeldri hafi tilskilin leyfi velferðarnefndar til daggæslu á heimili sínu.
- Að barnið sé á aldrinum 6 mánaða til 6 ára.
- Að foreldri/foreldrar/forráðamenn eigi lögheimili í Strandabyggð
- Staðfestingarblað frá viðkomandi dagmóður þarf að berast eigi síðar en 15. hvers mánaðar. Þó er heimilt að greiða tvo mánuði aftur í tímann frá fyrstu umsókn.
- Ef foreldri er einstætt, þurfa eftirtalin vottorð að fylgja með umsókn:
 - Íbúavottorð/hjúskaparvottorð/vottorð um greiðslu meðlags

Eftirlit með dagforeldrum

Félagsmálastjóri Stranda og Reykhólahrepps hefur umsjón og eftirlit með dagforeldrum Strandabyggðar og gefur út leyfisveitingar. Um leyfisveitingar gildir reglugerð um dagforeldra og verða þeir að skila inn tilkskyldum vottorðum, umsögnum og fá úttekt á aðstöðu sinni áður en leyfi er veitt. Fjöldi dagmæðra í Strandabyggð er misjafn frá ári til árs. Upplýsingar um starfandi dagmæður gefur skrifstofa Strandabyggðar í síma 451 3510.

Samþykkt í sveitarstjórn Strandabyggðar 25. október 2011.